

Verkfallsátökin harðna í Hafnarfirði:

## STARFSFÓLKIÐ LÆST INNI Á ÚTGERÐAR- SKRIFSTOFUNNI

— þegar það settist  
að og beið  
útborgunar

Enn aukast átökin vegna verkfallsins í fiskiöjuveri Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar. Ekkert virðist hafa þokazt í samkomulagsátt og í gær var útborgunardagur og fékk þá aðeins hluti starfsfólksins greidd sin laun.

Trúnaðarkonur fengu sin laun greidd, svo og það fólk sem unnið hafði á undanþágu við að þrifa í fiskiöjuverinu og verkstjórar. Starfsfólkið sat í gær í matsal fyrirtækisins og eftir kl. fimm fór stór hópur starfsfólks til gjaldkera og settist þar og sagðist ekki fara fyrir en laun fengjust greidd. Fólkinu var þá tjáð að engir peningar væru fyrir hendi.

Þegar tíðindamenn Dagblaðsins komu á staðinn hafði þetta fólk verið læst inni í húsinu og komust menn hvorki út né inn. Með góðri aðstoð gátu blaðamaður og ljósmyndari DB þó „smyglað“ sér inn á skrifstofu

Bæjarútgerðarinnar þar sem fólkið beið úrlausnar sinna mála.

Skömmu síðar var tilkynnt að hver starfsmaður fengi 15 þúsund króna borgun. Það var nokkur kurr í mannskapnum þar sem vikugreiðslan er venjulega 37—40 þúsund krónur. Þetta fannst þeim þunnur þrettándi. Það fór þó svo að fólkið samþykkti þessa greiðslu þar sem sýnt þótti að meira væri ekki að hafa. Þetta var þó betra en sú yfirlýsing, sem áður hafði verið gefin, að ekki væri til króna til útborgunar.

Að þessu loknu fór skrifstofustúlka niður og opnaði fyrir hópnum sem hafði verið læstur inni. Í viðtali við forstjóra BÚH, sem er í DB í dag, kemur fram að kröfur starfsfólks séu óljósar, auk þess sem það sé á misskiilingi byggt, að konunni, sem átökin standa út af, hafi verið sagt upp. Þá

segir forstjórinn einnig að sáttatilboði hans hafi verið hafnað. Það er því ljóst að verkfallsátökin í Hafnarfirði eru að harðna. — JH

Það var ekki nema viss hópur starfsmanna Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar sem fékk útborgað í gær vegna verkfallsins. Hluti starfsfólksins sætti sig ekki við þau málalok og settist að á skrifstofu fyrirtækisins þar sem það var síðan lokað inni. Eftir nokkurt þapl hafðist það í gegn að hver fékk 15 þúsund kr. og miðað við aðstæður var það betra en við mátti búast. Það er þó hægt að skrimta áf yfir helgina.

Hér má sjá hluta starfsfólks Bæjarútgerðarinnar og er hver með sín 15 þúsund í höndunum en venjulegt vikulaup er um 40 þúsund.

DB-mynd Ragnar Th.



### Einkaviðtal DB við Oscar Peterson

— sjá bls. 12-13

### Gömul og falleg hús, — en vanhirt

— sjá bls. 4

Listahátíð hefst í dag:

## ÞAR VERÐUR EITT- HVAÐ FYRIR ALLA


Reykvikingar og gestir í höfuðborginni hafa í mörg horn að lita næstu vikurnar. Listahátíð í Reykjavík verður opnuð í dag með viðhöfn að Kjarvalsstöðum en þar sýnir listamaðurinn Erró verk sín.

Um helgina má skoða myndlistarsýningar í FÍM-salnum að Laugarnesvegi 112 en þar er sýning Kristjáns Davíðssonar, í Norræna húsinu eru blómamyndir Vigdísar Kristjánsdóttur og sýning finnskra hjóna. Þá eru

franskar og amerískar sýningar í gangi, höggmyndasýning, tónleikar í Þjóðleikhúsinu, listdans á þeim sömu fjöllum og kátir leikarar munu leika á stultum á stað sem nánar verður auglýstur í útvarpinu.

Þá má ekki gleyma Oscar Peterson og félögum í Laugardalshöll. Þeir skemmta jassunendum í kvöld.

Meira um listahátíð á bls. 6—7 í blaðinu í dag.



## HEIMSMEISTARI Í DAGBLAÐSLIÐIÐ

— Jón L. Arnason skrifar um skák í DB

DB er í sókn — á hvítum reitum og svörtum. Heimsmeistarinn ungi í skákinni, Jón L. Arnason, hefur tekið að sér að skrifa skákpætti í DB. Hinn fyrsti er í blaðinu í dag — bls. 8 og 9. Þar skrifar Jón um deildakeppni Skáksambands Íslands, sem er að ljúka. Skákpættir Jóns verða í laugardagsblöðum DB — það er flesta laugardaga — en aðrir munu gripa inn í þegar Jón er erlendis. DB fagnar að

hafa fengið inn unga, snjalla skákmeistara í lið sitt og býður hann velkominn.

Þá mun Friðrik Ólafsson stórmeistari einnig skrifa skákpætti í DB eins og áður hefur verið skýrt frá. Skrifar hann af og til þætti eftir því sem efni rekur á fjörur hans, Skákhorn Friðriks Ólafssonar.

Fylgizt með skákpáttum þessara snjöllu skákmanna í DB. — hslm.

## HM-sigur Ítalíu gegn Frakklandi

— 2-1 í Mar del Plata í gær



Það tók Frakkann Bernard Lacombe aðeins 41 sek. að skora gegn Ítölum á HM í gær í Mar del Plata — fyrsta mark í heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu 1978 — en það nægði Frökkum skammt. Ítalir skoruðu tveggis og sigruðu 2-1 í fyrsta leiknum í 1. riðli og hafa nú alla möguleika á að komast í milliriðil.

Paolo Rossi, markakóngur Ítalíu á síðasta leiktímabili, jafnaði á 29. mín. Á 16. mín. hafði Bettega sent knöttinn í mark Frakka en það var dæmt af

vegna rangstöðu. Bossis fékk möguleika að koma Frökkum í 2-0 en skallaði fram hjá í opnu færi, 1-1 í hálfleik.

Zaccarelli skoraði sigurmark Ítala á 54. mín. en hann kom inn á sem vara- maður fyrir Antognoni í byrjun s.h. Frakkar reyndu mjög að jafna. Dalger átti spyrnu rétt yfir þverslá og Lacombe skallaði rétt fram hjá. En allt kom fyrir ekki. Ítalir sigruðu til mikillar ánægju fyrir 45 þúsund áhorfendur. sem nær allir voru á þeirra bandi. — hslm.



Erró, til vinstri, ásamt aðstoðarmanni við uppsetningu sýningarinnar miklu á Kjarvalsstöðum. DB-mynd Hörður.